

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 15/1993. **Ákærvaldið**(Björn Helgason saksóknari)
gegn**Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.),

Skjalafals. Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Gunnar G. Schram prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, greindi ákærða og vitnið Eggert Bjarna Ólafsson héraðsdómslögmann á um, hvort ákærði hefði haft heimild til þess að undirrita og framvísa tilkynningu til Bifreiðaskoðunar Íslands í nafni Skuldaskila hf. um eigendaskipti á bifreiðinni HN-358. Fallast ber á með héraðsdómara, að ósannað sé, að ákærði hafi haft þessa heimild, og er atferli hans að þessu leyti réttilega felld undir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Upplýst er í málinu, að eignarhald Skuldaskila hf. á umræddri bifreið var til komið vegna skuldar ákærða við fyrirtækið eða umræddan lögmann, er nam verulegum hluta af verðmæti bifreiðarinnar, ásamt skuld við Húsasmiðjuna hf. Með umskráningu og sölu bifreiðarinnar, sem var í vörslu hans, útrýmdi ákærði þeirri tryggingu, sem eignarhaldið átti að veita, án þess að annað kæmi þá í staðinn. Fram er komið, að samist hafi síðar um uppgjör á umgetinni skuld við Húsasmiðjuna, en ekkert liggur fyrir um greiðslu á hinni skuldinni. Hvað sem því líður, verður á það að fallast, að ákærði hafi tileinkað sér andvirði bifreiðarinnar með þeim hætti, að hann hafi einnig orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórhallur Ölver Gunnlaugsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 1992.

Ár 1992, mánudaginn 9. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 107/1992: Ákærvaldið gegn Þórhalli Gunnlaugssyni, sem tekið var til dóms 19. f. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. september sl., á hendur ákærða, Þórhalli Gunnlaugssyni, Suðurhólum 18 í Reykjavík, fæddum 21. apríl 1958, fæðingarnúmer 352.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík á árinu 1992:

I. Skjalafals.

Þriðjudaginn 19. maí gengið frá eigendaskiptum á bifreiðinni HN-358, Mercedes-Benz 280 SE, árgerð 1980, með framvísun falsaðrar tilkynningar til ökutækjaskrár og greiðslu, 2.300 kr., inn á póstagiróreikning nr. 531006, en á tilkynninguna hafði ákærði heimildarlaust ritað sem seljandi í nafni fyrirtækisins Skuldaskila hf., honum óviðkomandi, en jafnframt sem kaupandi í nafni fyrirtækis ákærða, Vatnsberans hf. Ákærði hafði áður selt sömu bifreið f. h. Vatnsberans hf. Skuldaskilum hf. fyrir 800.000 kr. samkvæmt afsali og sölutilkynningu, hvoru tveggja dagsettu 10. mars 1992.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Fjárdráttur.

Næsta dag, 20. maí, án heimildar Skuldaskila hf. selt bifreiðina, sem enn var í vörslum ákærða, f. h. Vatnsberans hf. Jóni Heiðari Guðmundssyni, Ofanleiti 29, Reykjavík, samkvæmt tilkynningu um eigendaskipti,

dagsettri þann dag, og fengið f. h. Vatnsberans hf. fyrir hana aðra bifreið, XJ-285, Ford E-150, Econoline Cargo, árgerð 1985, samkvæmt sölutilkynningu, dagsettri sama dag, og mun ákærði hafa greitt í milli 400.000 kr. í peningum með tékka og þannig dregið sér andvirði bifreiðarinnar HN-358.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Málavextir.

Með bréfi Smára Hilmarssonar héraðsdómslögmanns, dagsettu 5. júní sl., barst Rannsóknarlögreglu ríkisins kæra á hendur ákærða, Þórhalli Gunnlaugssyni, forráðamanni Vatnsberans hf., „vegna fölsunar og nytjastuldar“, eins og það er orðað í bréfinu. Kveðst lögmaðurinn leggja kærana fram f. h. Húsasmiðjunnar hf., Súðarvogi 3-5, Reykjavík, og Skuldaskila hf. vegna fölsunar á tilkynningu um eigendaskipti ökutækis og afsals bifreiðarinnar HN-358.

Samkvæmt kærinni eru Skuldaskil hf. innheimtufyrirtæki, að mestu í eigu Eggerts B. Ólafssonar héraðsdómslögmanns, Ingólfsstræti 3, Reykjavík, og innheimtuaðili fyrir Húsasmiðjuna hf.

Í kærinni kemur fram, að Eggert hafi lánað Vatnsberanum hf. peninga, að fjárhæð 437.000 krónur, og til tryggingar skuldinni hafi verið gefið út skuldabréf með veði í Ford Econoline-bifreiðinni FM-897, en ekki greiðst þrátt fyrir loforð þess efnis. Hafi bréfið verið gefið út 14. ágúst 1991 og átt að greiðast 14. október 1991.

Þá segir í kærinni, að ákærði hafi 11. mars sl. haft samband við Skuldaskil hf. og sagt, að bifreiðin FM-897 hefði eyðilagst í árekstri. Var Eggert erlendis á þessum tíma, en ákærða var mikið í mun að fá veðinu aflétt, svo að hann gæti fengið tryggingarféð vegna bifreiðarinnar. Var þá haft samband við Eggert, og neitaði hann algerlega að aflétta veðinu nema gegn tryggingu, þar sem hann átti rétt á að fá skuldabréfið að fullu greitt frá tryggingafélaginu.

Áður en þessi staða kom upp, hafði Smári f. h. Húsasmiðjunnar hf. hótad að gera löghald í bifreiðinni HN-358, Mercedes-Benz, árgerð 1980, fyrir vanskilaskuldum Vatnsberans hf. við Húsasmiðjuna hf., en Smári starfaði í félagi við Eggert fyrir Húsasmiðjuna hf. En heildarskuld Vatnsberans hf. við Húsasmiðjuna hf. nam 701.594 krónum, þegar kæran var rituð.

Í kærubréfinu segir, að orðið hafi að samkomulagi milli Smára og Eggerts annars vegar og ákærða hins vegar, að ákærði afsalaði Skuldaskilum hf. bifreiðinni HN-358 til greiðslu á skuldum Vatnsberans hf. við Eggert og Húsasmiðjuna hf. Átti að selja bifreiðina til greiðslu á skuldum

Þessum, og hefði ákærði samþykkt þetta. Var afsalið gert 10. mars sl.

Um 20. apríl sl. hafði ákærði samband við Eggert og tjáði honum, að hann æskti þess að fá að skipta bifreiðinni HN-358 í aðra bifreið af gerðinni Ford Econoline. Því neitaði Eggert og krafðist þess að fá bifreiðina HN-358 afhenta til þess að geta komið henni í verð. Sagði ákærði þá, að það kæmi aldrei til, að hann afhenti bifreiðina, frekar yrði hún eyðilögð.

Pegar gera skyldi alvöru úr því að sækja bifreiðina til ákærða 3. júní sl., komst Smári að því, að búið var að skrá bifreiðina á nafn Jóns Heiðars Guðmundssonar, Ofanleiti 29, Reykjavík, og sama dag hafði verið skráð á Vatnsberann hf. Ford Econoline-bifreiðin XJ-285, árgerð 1985. Samkvæmt tilkynningu til ökutækjaskrár hafði þetta verið gert 20. maí sl., en daginn áður hafði ákærði undirritað sams konar tilkynningu um eigendaskipti bifreiðarinnar HN-358, bæði vegna Skuldaskila hf. og Vatnsberans hf.

Í kærinni segir, að augljóst sé, að ákærði hafi falsað afsal og tilkynningu um eigendaskipti bifreiðarinnar HN-358 í nafni Skuldaskila hf., sem hann hafi enga heimild haft til.

Samkvæmt vottorði frá Hlutafélagaskrá er ákærði í stjórn útflutningsfyrirtækisins Vatnsberans hf. og bæði í framkvæmdastjórn og með prókúruumboð fyrir fyrirtækið.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði segir ákærana alranga og hann saklaus af því, sem honum er þar gefið að sök.

Ákærði kannast ekki við að hafa framið refsiverða háttsemi með því að ganga frá eigendaskiptum á bifreiðinni HN-358.

Ákærði kveðst hafa gengið frá eigendaskiptum framangreindrar bifreiðar 19. maí sl. með framvísun tilkynningar til ökutækjaskrár og með því að greiða 2.300 krónur inn á póstagiróreikning nr. 531006, en á tilkynninguna hafði ákærði ritað sem seljandi í nafni fyrirtækisins Skuldaskila hf., en jafnframt sem kaupandi í nafni fyrirtækisins Vatnsberans hf., en ákærði er prókúruhafi þess fyrirtækis. Ákærði hafði áður afhent Skuldaskilum hf. afsal fyrir sömu bifreið og sölutilkynningu, hvort tveggja dagsett 10. mars 1992. Voru þessi skjöl afhent Skuldaskilum hf. sem trygging fyrir vangeiddri skuld við Eggert B. Ólafsson. Ákærði fullyrðir, að hann hafi haft munnlegt umboð frá Eggert B. Ólafssyni, forráðamanni Skuldaskila, til þess að ganga frá áðurgreindri tilkynningu í nafni Skuldaskila hf. Ákærði kveðst hafa stuttu áður átt tvö símtöl við Eggert sama dag, hið fyrra á skrifstofu hans, en hið síðara, þar sem Eggert var staddur á hótelinu á Egilsstöðum. Ákærði kveðst hafa tjáð Eggert nauðsyn þess að koma bif-

reiðinni aftur yfir á nafn Vatnsberans hf. Í fyrra samtalinu sagði Eggert, að hann þyrfti að athuga málið, og það um, að ákærði hringdi aftur til sín. Þegar ákærði gerði það, var Eggert lagður af stað til Egilsstaða, og þar náði ákærði sambandi við hann, eins og áður er fram komið. Í þessu samtali sagði Eggert, að hann gæti ekkert gert í málinu, fyrr en hann kæmi til baka, og yrði hann a. m. k. viku til tíu daga í burtu. Sagði ákærði Eggert þá, að þetta gæti ekki gengið, þar sem hann myndi þá missa af kaupum á bifreið, sem hann hygðist kaupa. Segist ákærði hafa sagt Eggert, að hann yrði þá sjálfur að ganga frá sölutilkynningu. Þessu svaraði Eggert á þann veg, að þetta skyldi ákærði gera. Taldi ákærði sig því hafa fulla heimild til þess að gera það, sem lýst er í 1. kafla ákæru. Ákærði vill taka það fram, að allir samningar milli Vatnsberans og Skuldaskila hafi ætíð verið munnlegir, en ekki skriflegir.

Ákærði stóð í þeirri trú, þegar Eggert fékk gögnin um að yfirfæra bifreiðina á Skuldaskil, að þau væru aðeins útbúin sem trygging og ættu aldrei að fara til ökutækjaskrár. Ákærði heldur því fram, að þegar hann 19. maí sl. yfirfærði bifreiðina að nýju til Vatnsberans, hafi hann verið búinn að gera upp skuldir sínar við Eggert.

Ákærði fullyrðir, að hann hafi skilið Eggert svo, að hann hefði sjálfur heimild hans til að undirrita þau skjöl, sem þurfti til að yfirfæra bifreiðina til Vatnsberans.

Ákærði staðfestir, að hann hafi næsta dag selt bifreiðina HN-358, sem þá var í vörslum ákærða, f. h. Vatnsberans hf. Jóni Heiðari Guðmunds-syni, og var tilkynning um eigendaskipti dagsett sama dag. Í þessum viðskiptum fékk ákærði f. h. Vatnsberans bifreiðina XJ-285, og var það samkvæmt sölutilkynningu, sem einnig var dagsett sama dag. Þá greiddi ákærði í milli 400.000 krónur með tékka. Ákærði fullyrðir, að hann hafi haft heimild til þessara viðskipta, þar sem hann hafði ekkert brotið af sér með þeim ráðstöfunum, sem lýst er í 1. kafla ákæru. Hafi hann þannig ekki dregið sér andvirði bifreiðarinnar HN-358.

Ákærði segir, að ekkert skriflegt sé til um uppgjör sitt á skuldinni við vitnið Eggert, sem ákærði heldur fram, að hafi verið við vitnið sjálft, en ekki Skuldaskil. Ákærði kveðst hafa látið vitnið Eggert hafa skuldaþréf í uppgjörinu, en engin skilagrein hafi hafi komið frá Eggert.

Vitnið Eggert Bjarni Ólafsson héraðsdómslögmaður, Hverafold 34, Reykjavík, kveðst vera stjórnarformaður Skuldaskila hf. og rita firmað. Vitnið fullyrðir, að það hafi aldrei gefið ákærða heimild til að rita nafn sitt f. h. Skuldaskila hf. á tilkynningu til ökutækjaskrár sem seljandi bifreiðarinnar HN-358, og heldur því fram, að þegar ákærði ritaði nafn sitt á tilkynninguna til ökutækjaskrár, hafi hann skuldað sér um 500.000 krónur.

Vitnið man ekki eftir þeim símtölum, sem ákærði vitnar í. Vitnið vill þó ekki fortaka, að þau kunni að hafa farið fram, annað í Reykjavík og hitt frá Egilsstöðum. Vitnið staðhæfir þó, að það standist ekki, sem ákærði heldur fram um leyfi vitnisins til að ganga frá áðurnefndum eigendaskiptum að bifreiðinni HN-358.

Vegna framburðar ákærða um það, að gögnin um bifreiðina frá 10. mars sl. hafi ekki átt að fara til ökutækjaskrár, segir vitnið, að það hafi ætíð stefnt að því að hafa tryggingu fyrir láni því, sem það hafði veitt ákærða, og sú trygging hefði engin verið, ef eigendaskiptin hefðu ekki verið tilkynnt.

Vitnið ítrekar, að ákærði hafi ekki verið búinn á þessum tíma að gera upp við sig skuld sína við það. Skuldin hefur ekki enn verið gerð upp.

Ákærði og vitnið halda hvor um sig fast við það, sem þeir hafa borið, og vilja ekki breyta framburði sínum í einu eða öðru.

Vitnið segir, að skuld sú, sem það hefur rætt um, sé við Skuldaskil og óviðkomandi Húsasmiðjunni. Þá segir vitnið, að afsalið á bifreiðinni HN-358 í mars sl. hafi auk tryggingar við vitnið og Skuldaskil átt að hluta að vera einnig til tryggingar skuld við Húsasmiðjuna, þar sem bifreiðin var talin meira virði en nam skuldinni við vitnið.

Vitnið segist einu sinni hafa um mánaðartíma lánað Vatnsberanum fé án tryggingar. Var þetta, áður en umrædd bifreið kom inn í málið. Þá segir vitnið til að koma í veg fyrir misskilning, að þegar talað sé um lán vitnisins til Vatnsberans, sé átt við lánveitingar Skuldaskila, en ekki vitnisins persónulega.

Vitnið Smári Hilmarsson héraðsdómslögmaður, Gautlandi 7, Reykjavík, hefur staðfest að hafa ritað kærubréfið og að efni þess sé rétt. Þá segir vitnið, að þegar það tali í kærinni um lánveitingu Eggerts til Vatnsberans, eigi það við lánveitingu Skuldaskila.

Vitnið staðfestir, að búið sé að gera upp skuldina við Húsasmiðjuna með útgáfu veðskuldabréfs og að yfirfærsla bifreiðarinnar HN-358 í mars sl. á Skuldaskil hafi verið hugsuð sem trygging, bæði vegna skulda Vatnsberans við fyrirtækið og Húsasmiðjuna hf. Ekkert skriflegt var gert í þessu sambandi um það, að eignayfirfærslan í ökutækjaskrá væri einnig vegna skulda við Húsasmiðjuna hf.

Vitnið Jón Heiðar Guðmundsson, Ofanleiti 29, Reykjavík, staðfestir, að það hafi 20. maí sl. selt Vatnsberanum hf. bifreiðina XJ-285 og fengið fyrir hana 400.000 krónur í tékka og bifreiðina HN-358.

Vitnið hafði haft bifreiðina XJ-285 til sölumæðferðar hjá Höfðahöllinni, og þangað hafði ákærði komið og sýnt bifreiðinni áhuga, en hún var til sýnis hjá Höfðahöllinni. Vitnið hafði aldrei áður séð né heyrt ákærða nefndan, fyrr en þeir áttu framangreind viðskipti.

Vitnið hefur ekki orðið fyrir neinum teljandi vandræðum vegna viðskiptanna við ákærða og er búið að selja bifreiðina HN-358.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gengið frá eigendaskiptum bifreiðarinnar HN-358 19. maí sl. með því að framvísa tilkynningu þeirri, sem frá greinir í fyrri kafla ákæru, með nafnritun sinni sem seljandi í nafni Skuldaskila hf. Ákærði hefur einnig viðurkennt að hafa selt bifreiðina næsta dag og að viðskiptin hafi farið fram á þann veg, sem lýst er í síðari kafla ákæru. Er þetta hvort tveggja í samræmi við það, sem fram er komið í málinu um þessi atriði.

Ákærða og vitnið Eggert Bjarna greinir á um, hvort ákærði hafi haft heimild til þess að undirrita og framvísa tilkynningunni til ökutækjaskrár í nafni Skuldaskila hf. í því skyni að færa bifreiðina á nafn Vatnsberans hf. Ákærði fullyrðir, að hann hafi sótt þessa heimild munnlega til vitnisins Eggerts Bjarna, en það neitar þessu með öllu.

Þar sem ákærði hefur ekki getað sannað heimild sína til áðurgreindrar nafnritunar, er ósannað, að hún hafi nokkur verið. Er því sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í fyrri kafla ákæru, en það leiðir til þess, að einnig er sannað, að ákærði er sekur um það, sem síðari kafla ákæru fjallar um. Eru brot ákærða rétt færð til refsiskvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá ársbyrjun 1976 og fram í febrúar sl. hlotið sjö refsisdóma og níu sinnum gengist með dómsátt undir að greiða sektir. Dómsáttirnar eru flestar fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum, þ. á m. fyrir ölvun við akstur, og hefur ákærði þá stundum einnig sætt sviptingu ökuleyfis. Í eitt skipti gekkst ákærði undir að greiða sekt fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni.

Tveir dómanna, sem ákærði hefur hlotið, eru sektardómar fyrir ölvun við akstur, og var ákærði í annað skiptið sviptur ökuleyfi ævilangt.

Refsivistardómar ákærða eru þessir:

- | | | |
|------|------|---|
| 1979 | 30/1 | Fangelsi 6 mánuði, skilorðsbundið 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. |
| 1984 | 17/9 | Fangelsi 4 mánuði fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 248. gr. og 248 gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. |
| 1986 | 3/10 | Fangelsi 6 mánuði, hegningarauki, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. |
| 1987 | 26/2 | Fangelsi 8 mánuði, hegningarauki, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. |
| 1991 | 5/11 | Fangelsi 2 mánuði fyrir brot á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986. |

Ákærði hlaut 1. maí sl. skilorðsbundna reynslulausn í eitt ár á 30 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt síðastgreinda dóminum.

Með háttsemi þeirri, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar. Ber samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem nú er dæmt um, svo og með hliðsjón af þeirri 30 daga óloknu refsivist, sem að framan getur, sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 40.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórhallur Gunnlaugsson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 40.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.
